

# Reglur um ritlauna- og rannsóknasjóð prófessora

## 1. grein

Félagsmenn í Félagi prófessora við ríkisháskóla sem falla undir matskerfi opinberra háskóla og gegna a.m.k. hálfu starfi eiga kost á greiðslum úr Ritlauna- og rannsóknasjóði prófessora fyrir nýsköpun og árangur í rannsóknum umfram vinnuskyldu.<sup>1)</sup> Ríkissjóður leggur til sjóðsins 12,5% af föstum mánaðarlaunum prófessora.<sup>2)</sup>

## 2. grein

Faghópar skipaðir af matskerfisnefnd meta rannsóknastörf prófessora til stiga samkvæmt lið A í Matskerfi opinberra háskóla, sbr. grein 5.4 í stofnanasamningi Félags prófessora við ríkisháskóla við Háskóla Íslands, Háskólann á Hólum, Landbúnaðarháskóla Íslands og sbr. grein 5.3 í stofnanasamningi félagsins við Háskólann á Akureyri.

## 3. grein

Prófessorar geta árlega sótt um greiðslur úr sjóðnum fyrir árangur í rannsóknum á liðnu almanaksári. Skulu þeir skila skýrslum um prófessorsstörf sín á því ári eigi síðar en 1. febrúar ár hvert. Umsóknum ber að skila til Vísinda- og nýsköpunarsviðs Háskóla Íslands sem metur umsóknir til rannsóknastiga.

## 4. grein

Árlegt mat liggur fyrir í síðasta lagi 1. júní ár hvert og skal greiðslum úthlutað úr sjóðnum 1. september það ár. Próffessor getur fengið greitt úr sjóðnum á árinu eftir að hann fer á eftirlaun vegna rannsókna sem unnar eru á því ári sem hann lætur af störfum. Uni próffessor ekki stigamati getur hann skotið erindi sínu til úrskurðarnefndar.

## 5. grein

Sjóðnum er skipt milli prófessora í hlutfalli við fjölda rannsóknastiga ár hvert. Við úthlutun dragast 10 stig frá rannsóknastigum og miðast greiðslur við þau stig sem umfram eru. Ekki er tekið tillit til stiga fyrir tilvitnanir.

## 6. grein

Séu rannsóknastig umfram lágmarksstigafjölda fleiri en 60 reiknast þau stig sem umfram eru í veldinu 0,8. Sjóðnum er úthlutað í hlutfalli við umreiknuð rannsóknastig.

## 7. grein

Stjórn Ritlauna- og rannsóknasjóðs prófessora skal skipuð þremur mönnum til þriggja ára, einum frá Félagi prófessora við ríkisháskóla, einum frá fjármála- og efnahagsráðuneyti og einum frá samstarfsneti ríkisháskólanna, sem jafnframt er formaður. Stjórnin setur sér og sjóðnum reglur að fengnu samþykki ríkisháskólanna og Félags prófessora við ríkisháskóla.

Reykjavík 15. febrúar 2017

F.h. fjármála- og efnahagsráðherra



F.h. Félags prófessora við ríkisháskóla



- 1) Sbr. samkomulag það sem gert var með Áliti nefndar um fyrirkomulag mats á störfum prófessora sem undirritað var 6. nóvember 2009 sem byggði á úrskurði kjaranefndar dags. 11 desember 2001 og samþykkt á fundi kjaranefndar 9. desember 2003.
- 2) Sjá réttarsátt Félags prófessora við ríkisháskóla og fjármála- og efnahagsráðherra frá 30. apríl 2013.